

**Sp.**

**467. Tillaga til þingsályktunar**

**[225. mál]**

um úrsögn ríkisfyrirtækja úr Vinnuveitendasambandi Íslands.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að öll þau fyrirtæki ríkisins, sem eru meðlimir Vinnuveitendasambands Íslands, gangi úr því sambandi.

**Greinargerð.**

Um mörg undanfarin ár hafa ýmis atvinnufyrirtæki ríkisins verið meðlimir í Vinnuveitendasambandi Íslands. Þessi fyrirtæki eru m. a.: allar sildarverksmiðjur ríkisins, Tunnuverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Akureyri, Landssmiðjan í Reykjavík, Skipaútgerð ríkisins og Sementsverksmiðjan, Akranesi. Fyrirtæki þessi hafa í sinni þjónustu hundruð manna, enda eru sum þeirra meðal stærstu atvinnufyrirtækja landsins.

Með því að atvinnufyrirtæki ríkisins eru meðlimir í heildarsamtökum atvinnurekenda, hafa þau skipað sér í beina andstöðu við heildarsamtök verkalýðsfélaganna. Í öllum kaupdeilum hafa þessi atvinnufyrirtæki ríkisins og atvinnufyrirtæki félaga og einstaklinga komið fram sem einn sameinaður aðili í heildarsamtökum atvinnurekenda. Undanskilin eru þó atvinnufyrirtæki samvinnumanna, sem myndað hafa sín eigin samtök á þessu sviði.

Með því að ríkisvaldið hefur látið atvinnufyrirtæki ríkisins vera beina og skattskylda þátttakendur í heildarsamtökum atvinnurekenda, hefur það lagt á ríkið að greiða verulegan hluta af herkostnaði þeirra gegn lögmætum hagsmunasamtökum vinnustéttanna og þar með tekið beina og ákveðna afstöðu með samtökum atvinnurekenda. Þetta er alveg furðuleg ráðstöfun af hendi ráðamanna þjóðfélagsins. Það liggur ljóst fyrir, að það er skylda ríkisvaldsins á öllum tímum að stuðla að því, að vinnufriður haldist í landinu, og ef til vinnudeilna dregur, ber ráðamönnum þjóðfélagsins að beita áhrifum sínum til að leysa slíkar deilur, en ekki efla með fjárframlögum af almannafé annan aðilann í baráttunni gegn hinum.

Með því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum, eru mörg af stærstu atvinnufyrirtækjum ríkisins bundin af samþykktum Vinnuveitendasambands Íslands og verða því í einu og öllu að fylgja því, sem þar kann að vera samþykkt í hverju einstöku tilfelli, jafnvel að viðlögðum háum sektum. Dæmi eru til þess, að ríkisfyrirtæki hafi viljað semja við verkalýðssamtökin um kaup og kjör, en yfirstjórn Vinnuveitendasambandsins hefur bannað viðkomandi fyrirtæki að semja, með þeim afleiðingum, að lausn deilunnar hefur dregið á langinn um langan tíma, báðum aðilum til stórtjóns.

Sú stefna ríkisvaldsins að láta atvinnufyrirtæki ríkisins skipa sér í samtök atvinnurekenda er í alla staði óverjandi. Með því er ríkisvaldið að gera upp á milli hinna tveggja hagsmunasamtaka, Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar og Alþýðusambands Íslands og annarra launþegasamtaka hins vegar.

Atvinnufyrirtæki ríkisins eru eign alþjóðar, í þeim á enginn meira en annar. Fyrir því ber að dómi flm. að halda slíkum fyrirtækjum utan við hagsmunasamtök atvinnurekenda.